



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 23. september 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Viggó K. Jóhannsson. Katrín Baldursdóttir var með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt.

2. Verkefni haustsins, framhald

a. Opnir fundir, sósíalísta-kaffi með netvarpi

Nýr fundur verður skipulagður bráðlega.

b. Haustfundur sósíalísta

Haustfundur er áætlaður 13. október.

c. Annar áróður og kynning

Ýmsir möguleikar ræddir, t.d. að taka upp frekari umræðu um útsvar á fjármagnstekjur og að koma mætti Sönnu meira að í fjölmiðlum.

3. Húsnæðismál, þ.e. húsnæði flokksins, Maístjórnunnar og annarra hagsmunasamtaka hinna kúguðustu

Möguleikanum á að leigja húsnæði var velt upp. Vel var tekið í hugmyndina svo fremi sem gott húsnæði fengist á skaplegu verði.

4. Maístjarnan og stuðningur við hagsmunabaráttu

a. Leigjendasamtökin

Umræðum frestað.

b. Undirbúningur að stofnun samtaka skuldara, samtaka sjúklinga o.s.frv.

Umræðum frestað.

Úthlutanir úr Maístjórnunni: Styr - Samstöðusjóður fékk greiddar 62.714 kr. og Samtök hernaðarandstæðinga fengu 14.615 kr.

5. Fjármál

Staða á reikningum: Flokkurinn: 749.362 kr., Maístjarnan: 2.277.489 kr.

Gjaldkera var falið að koma á næsta fundi með yfirlit yfir hve margir ekki hafi greitt félagsgjöld og áætlun um hvað sé best að gera til að fá meira af þeim inn.

6. Önnur mál

Rætt var um stöðu mála í verkalýðshreyfingunni.